

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 23. janúar 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. febrúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

Alþingi samþykkti hinn 24. janúar 2001 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frestað hinn 24. janúar 2001.

*Forsætisráðuneytinu, 24. janúar 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*